

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 509/2020 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 4. tl., svohljóðandi:

4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/171 frá 12. febrúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja sendingar af skordýrum inn í Sambandið.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/171, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. mars 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

Nr. 269

9. mars 2021

**Fylgiskjal.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/171**

**frá 12. febrúar 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra þaðan sem heimild er að flytja sendingar af skordýrum inn í Sambandið**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (¹), einkum 2. mgr. 127. gr.,

og að teknu tilliti til eftifarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, þar með talið m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarferlisins. Einkum er þar kveðið á um að tiltekin dýr og vörur skuli einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þess sem er að finna í skránni sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 (²) bætir við reglugerð (ESB) 2017/625. Einkum er í 3. gr. þeirrar framseldu reglugerðar mælt fyrir um reglur að því er varðar tiltekin dýr og tilteknar vörur sem eingöngu er leyft að komi inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru á skránni yfir slík dýr og vörur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 (³) (sem hafa heimild til að flytja inn til Sambandsins sendingar af tilteknum dýrum og vörum sem eru ætluð til manneldis).
- 3) Í 20. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/626 er kveðið á um að koma sendinga af skordýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið sé einungis leyfð ef slík matvæli eru upprunnin í og send frá þriðja landi eða svæði þess sem eru skráð í III. viðauka a við þá framkvæmdarreglugerð. Einungis ætti að veita þriðju löndum og svæðum þeirra heimild til flytja inn sendingar af skordýrum til Sambandsins og faera þau á skrána á viðeigandi hátt ef þau leggja fram viðeigandi sönnunarögogn og ábyrgðir fyrir því að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 4. gr. framseldra reglugerðar (ESB) 2019/625.
- 4) Hinn 15. september 2020 lagði Vietnam fullnægjandi sönnunargagn og ábyrgðir fyrir framkvæmdastjórnina til þess að verða fært á skrána yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum til Sambandsins. Því ætti að færa Vietnam á skrána sem sett er fram í III. viðauka a við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 og breyta ætti þeim viðauka til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastaneftdarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Ákvæðum III. viðauka a við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula von der Leyen

*forseti.*

(¹) Stjórd. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjórd. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 frá 5. mars 2019 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár (Stjórd. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 31).

Nr. 269

9. mars 2021

*VIDAUKI*

Í III. viðauka a við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir Tайланд:

„VN	Vietnam“	
-----	----------	--

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2021